

STJÓRN SORPU BS.

Ár 2016, 14. október kl. 9.00 var haldinn 367. fundur stjórnar Sorpu bs. á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn. Mætt voru Bjarni Torfi Álfþórsson, Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Reykjavíkurborg, dags. 7. október 2016, þar sem tilkynnt er að Líf Magneudóttir hafi verið kosin varafulltrúi í stjórn Sorpu bs. í stað Sóleyjar Tómasdóttur.
2. Fram fer kynning á greinargerð um forsendur rekstraráætlunar 2017 – 2021 og drög að rekstraráætlun fyrir tímabilið 2017-2021.
Samþykkt.
3. Lagt fram minnisblað, dags. 12. október 2016, um stöðu samnings við verktaka um urðun í Álfsnesi.
Samþykkt að framlengja samninginn við HJ bíla um eitt ár eða til 31.12.2017.
4. Lögð fram til kynningar samþykkt bæjarráðs Kópavogs frá 22. september 2016 og bæjarstjórnar Kópavogs frá 27. september 2016 um söfnun plasts í blátunnu.
Stjórn SORPU óskar eftir að málið verði tekið fyrir á eigendavettvangi sem fyrst.
5. Lögð fram drög að áhættustefnu fyrir SORPU bs, sbr. fundargerð stjórnar frá 22. apríl 2016.
Frestað.
6. Fram fer kynning á endurskoðun á starfsreglum og siðareglum stjórnar sbr. ábendingar innri endurskoðunar.
Samþykkt.
7. Fram fer kynning á stöðu viðræðna Sorpstöð Suðurlands og Sorpu bs.
8. Fram fer kynning á fundargerð gæðaráðs um rýni stjórnenda.
9. Lagt fram ráðgefandi álit EFTA dómstólsins í máli SORPU gegn Samkeppniseftirlitinu.
10. Lagður fram úrskurður nr. 647/2016 úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kröfu Íslenska gámafélagsins um að fá aðgang að tilboðsgögnum þ.m.t. einingarverðum Gámaþjónustunnar í verkið „*Þjónusta við grenndarstöðvar fyrir pappírsefni, plast og gler*“ en Gámaþjónustan var lögstbjóðandi í verkið. Gögnin hafa verið afhent í samræmi við úrskurðinn.
11. Samþykkt að næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 25. nóvember kl.13.

Fundi slitið klukkan 11.00

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal
Rósa Guðbjartsdóttir
Bjarni Torfi Álfþórsson
Bjarni Hjarðar

Sturla Þorsteinsson
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Björn H. Halldórsson
Sigríður Björg Einarsdóttir